



Öldungaráð Hafnarfjarðar

5. Stjórnarfundur haldinn þriðjudag 28.nóvember 2017 kl 16:30 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mættir: Gylfi Ingvarsson, Jóhanna Axelsdóttir, Þórdís Bakkman Kristinsdóttir og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Fjarverandi: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Guðmundur Fylkisson, Lilja Kristjánsdóttir og Guðmundur Sigurðsson.

Dagskrá:

Nýjar reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Hafnarfirði.

Athugasemdir við 8.gr Akstur fyrir aldraða til og frá stofnunum

Óskað er eftir að bætt verði við heimild að leyfilegt sé að samþykkja akstur við sérstakar aðstæður til og frá stofnun að heimili fyrir maka sem fluttur er á hjúkrunarheimili.

Nýjar reglur um félagslega heimaþjónustu í Hafnarfirði

Athugasemd við 5.gr Mat á þjónustu og afgreiðsla umsókna.

Óskað er eftir breytingu í þriðju málsgrein önnur setning þar sem stendur „þjónustupörf umsækjanda sem sýnir niðurstöður á bilinu 1 og 2 er tekin fyrir á afgreiðslufundi stoðþjónustuteymis“.

Óskað er eftir að setningin verði þjónustupörf umsækjanda er metin á bilinu 1 – 5. Ef niðurstaða er á bilinu 1 -2 fer umsókn fyrir afgreiðslufund stoðþjónustuteymis. Sé niðurstaðan á bilinu 3-5 er þjónustan samþykkt af fagaðila.

Athugasemd við 10.gr Menntun starfsmanna.

Óskað er eftir að orðalag breytist og verði, starfsmenn skulu sækja þá menntun og þjálfun sem krafist er fyrir starfsfólk í félagslegri heimaþjónustu.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðmundsdóttir